

Tillaga fulltrúa Flokks fólksins í velferðarráði

Flokkur fólksins leggur til að borgin móti stefnu með aðgerðaráætlun um hvernig hægt sé að útrýma fátækt. Engin slík stefna er til í Reykjavíkurborg. Í nýlegri könnun Gallup kom fram að það er erfiðara nú en áður að ná endum saman í Reykjavík. Hlutfall þeirra sem ekki ná endum saman fjárhagslega hefur ekki verið jafn hátt hérlandis síðan fyrir sjö árum og hlutfall þeirra sem ná að safna sparifé hefur ekki verið lægra um sex ára skeið. Um þriðjungur þekkir fátækt af eigin raun eða í sínu nærumhverfi. Leigjendur eiga sérlega erfitt með að ná endum saman ef samanborið við húsnæðiseigendur eða þau sem búa í foreldrahúsum. Í ljósi þessara og fleiri sambærilegra niðurstaðna spyr fulltrúi Flokks fólksins: Hyggst borgarmeirihlutinn grípa til einhverra sértækra aðgerða til að mæta vaxandi fjölda barna sem búa við fátækt í Reykjavík. Er hafin vinna við að móta stefnu eða áætlun til að uppræta fátækt í Reykjavík?